1. For the purpose of implementing sub-paragraph (b) of Article 1, the following shall be considered as sufficient working or processing:

(a) working or processing as a result of which the goods obtained receive a classification under a tariff heading other than that covering each of the products worked or processed, except, however, working or processing specified in List A, where the special provisions of that list apply;

(b) working or processing specified in List B.

“Sections”, “Chapters” and “tariff headings” shall mean the Sections, Chapters and tariff headings in the Customs Co-operation Council Nomenclature for the Classification of Goods in Customs Tariffs.

2. When, for a given product obtained, a percentage rule limits in List A and in List B the value of the materials and parts which can be used, the total value of these materials and parts, whether or not

verðmæti framleiddu vörunnar — ekki farið fram úr því verðmæti sem svarar til sameiginlegs hámarks ef hámrörkin eru þau sömu í báðum skránum eða þess sem er hærra ef þau eru mismunandi. Í þessu sambandi skiptir eigi máli hvort vörunnar hafa færst milli tollskrárnúmera við aðvinnsluna eða samsetninguna eða ekki, innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hvorri skránni um sig.

3. Við framkvæmd 1. gr. b. verður eftirfarandi samt eigi talið nægileg aðvinnsla til að veita upprunaréttindi hvort sem skipti verða á tollskrárnúmerum eða ekki:

- a. Meðferð sem miðar að því að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og lík meðferð);
- b. einföld meðferð sem felur í sér að rykhreinsa, sálða, sundurgreina, flokka, velja saman (þ. á m. að útbúa muni í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;
- c.
  - i) umbúðaskipti, svo og uppskipting og sameining vörusendinga;
  - ii) setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o. s. frv. og öll önnur einföld þökkun;
- d. festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra;
- e. einföld blöndun vara, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, þar sem einn eða fleiri hlutar blöndunnar fullnægja ekki settum skilyrðum í þessum viðauka til þess að þær verði taldar upprunavörur;
- f. einföld samsetning vöruhluta til að gera heilan hlut;
- g. sameining tveggja eða fleiri aðferða sem lýst er í liðum a. til f.;
- h. slátrun dýra.

#### 6. gr.

1. Þegar skrár A og B sem vísað er til í 5. gr. áskilja að framleiddar vörur verði ekki taldar upprunavörur nema verðmæti vara sem hlotið hafa aðvinnslu fari ekki fram úr tilteknum hundradshluta af verðmæti framleiddu varanna skulu verðmætin sem koma til athugunar við ákvörðun slíks hundradshluta vera

annars vegar,

að því er varðar vörur sem unnt er að sannreyna að fluttar hafi verið inn: tollverð þeirra þegar þær voru fluttar inn;

að því er varðar vörur af óvissum uppruna: fyrsta verð sem hægt er að ganga úr skugga um að greitt hafi verið fyrir vörur þessar á því landsvæði þar sem framleiðsla fer fram;

og hins vegar

verð framleiddu vörunnar frá verksmiðju, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við að því er varðar framkvæmd 2. gr.

2. Þegar 2. gr. á við er með áunnum virðisauka átt við mismuninn milli verðs framleiddu vörunnar frá verksmiðju, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning frá viðkomandi landsvæði, og tollverðs allra innfluttra efnivara sem hlotið hafa aðvinnslu á viðkomandi landsvæði.

#### 7. gr.

Upprunavörur í skilningi þessa viðauka sem eru í einni óskiptri sendingu má flytja um annað landsvæði en nokkurs þess ríkis sem aðili er að samningi þessum, með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því landsvæði ef því er að skipta, ef flutningur um landsvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörunnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem þær eru fluttar um eða geymdar í vörugeymslum, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhendingar til neyslu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en affermingu og endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

they have changed tariff heading in the course of the working, processing or assembly within the limits and under the conditions laid down in each of those two lists, may not exceed, in relation to the value of the product obtained, the value corresponding either to the common rate if the rates are identical in both lists, or to the higher of the two if they are different.

3. For the purpose of implementing sub-paragraph (b) of Article 1, the following shall still be considered as insufficient working or processing to confer the status of originating product, whether or not there is a change of tariff heading:

(a) operations to ensure the preservation of merchandise in good condition during transport and storage (ventilation, spreading out, drying, chilling, placing in salt, sulphur dioxide or other aqueous solutions, removal of damaged parts and like operations);

(b) simple operations consisting of removal of dust, sifting or screening, sorting, classifying, matching (including the making up of sets of articles), washing, painting, cutting up;

(c) (i) changes of packing and breaking up and assembly of consignments;

(ii) placing in bottles, flasks, bags, cases, boxes, fixing on cards or boards, etc., and all other simple packing operations;

(d) affixing marks, labels or other like distinguishing signs on products or their packaging;

(e) simple mixing of products, whether or not of different kinds, where one or more components of the mixture do not meet the conditions laid down in this Annex to enable them to be considered as originating products;

(f) simple assembly of parts of articles to constitute a complete article;

(g) a combination of two or more operations specified in sub-paragraphs (a) to (f);

(h) slaughter of animals.

#### Article 6

1. Where the Lists A and B referred to in Article 5 provide that goods obtained shall be considered as originating products only if the value of the products worked or processed does not exceed a given percentage of the value of the goods obtained, the values to be taken into consideration for determining such percentage shall be:

on the one hand,

as regards products whose importation can be proved: their Customs value at the time of importation;

as regards products of undetermined origin: the earliest ascertainable price paid for such products in the territory where manufacture takes place;

and on the other hand,

the ex-works price of the goods obtained, less internal taxes refunded or refundable on exportation.

This Article also applies for the implementation of Article 2.

2. Where Article 2 applies, "added value acquired" shall be understood as meaning the difference between the ex-works price of the goods obtained, less internal taxes refunded or refundable on exportation from the territory concerned and the Customs value of all the products imported and worked or processed in that territory.

#### Article 7

Goods originating in the sense of this Annex and constituting a single shipment which is not split up may be transported through territory other than that of any State Party to this Agreement with, should the occasion arise, transshipment or temporary warehousing in such territory, provided that the crossing of the latter territory is justified for geographical reasons, that the goods have remained under the surveillance of the Customs authorities in the country of transit or of warehousing, that they have not entered into the commerce of such countries nor been delivered for home use and have not undergone operations, other than unloading, reloading or any operation designed to preserve them in good condition.



## II. HLUTI

### Reglur um samstarf á sviði stjórnsýslu

#### 8. gr.

1. Upprunavörur í skilningi þessa viðauka skulu við innflutning til ríkis sem er aðili að samningi þessum njóta fríðinda samkvæmt samningnum gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala, að því tilskildu að áletrunin „EFTA—SPAIN TRADE“ hafi verið prentuð með útlínum upphafsstafa á ská yfir skjalið:

a. EUR. 1 flutningsskírteinis, hér eftir kallað EUR. 1 skírteini, sem fyrirmynd er af í viðbæti 5 við þennan viðauka, eða

b. EUR. 2 eyðublaðs, sem fyrirmynd er af í viðbæti 6 við þennan viðauka, fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti hvernar sendingar sé ekki yfir 1500 reikningseiningum.

2. Eftirfarandi skal telja upprunavörur í skilningi þessa viðauka án þess að nauðsynlegt sé að framvísa öðru hvoru þeirra skjala sem tilgreind eru í 1. tl.:

a. Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, að því tilskildu að verðmæti varanna sé ekki yfir 100 reikningseiningum;

b. vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, að því tilskildu að verðmæti varanna sé ekki yfir 300 reikningseiningum.

Ákvæðum þessum verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis, því hefur verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum til að ákvæðum samningsins verði beitt og enginn efi er á því að slík yfirlýsing sé sönn.

Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og eingöngu eru vörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni varanna að enginn viðskiptatilgangur búi að baki.

3. Reikningseining (RE) jafngildir 0,88867088 grómmum af hreinu gulli. Ef reikningseiningunni verður breytt ber þeim ríkjum sem eru aðilar að samningi þessum að hafa samband sín á milli í sameiginlegu nefndinni til að skýrgreina verðmætið að nýju í gulli.

4. Fylgihlutir, varahlutir og áhöld sem send eru með útbúnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður þeirra og innifalin í verði þeirra eða ekki á sérstökum vörureikningi skal skoða sem hluta af viðkomandi útbúnaði, vél, tæki eða ökutæki.

5. Vörusamstæður í skilningi 3. tl. almennra reglna tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir efnisþættir eru upprunavörur. Þó skal vörusamstæða sem í eru bæði upprunavörur og aðrar vörur teljast í heild upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur sé ekki yfir 15% af heildarverðmæti vörusamstæðunnar.

#### 9. gr.

1. Tollyfirvöld í útflutningslandi gefa út EUR. 1 skírteini við útflutning þeirra vara sem skírteinið tekur til. Útflytjandinn getur fengið það til ráðstöfunar eftir að raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður.

2. Tollyfirvöld í ríki sem er aðili að samningi þessum gefa EUR. 1 skírteinið út ef vörur þær sem flytja á út geta talist upprunavörur í því ríki í skilningi 1. gr. þessa viðauka.

3. Tollyfirvöld í ríkjum þeim sem eru aðilar að samningi þessum geta gefið út EUR. 1 skírteini ef vörur þær sem flytja á út geta talist upprunnar í ríki sem er aðili að samningi þessum í skilningi 2. gr. þessa viðauka enda séu vörur þær sem EUR. 1 skírteinin eiga við um á landsvæði þess.

Þegar beitt er ákvæðum 2. gr. þessa viðauka skulu EUR. 1 skírteinin gefin út gegn framvísun áður útgefna EUR. 1 skírteina af tollyfirvöldum í sérhverju viðkomandi landi þar sem vörurnar hafa annaðhvort verið um kyrrt áður en þær voru endurútfluttar óbreyttar eða hlotið aðvinnslu sem tilgreind er í 2. gr. þessa viðauka.

TITLE II  
**Methods of administrative co-operation**

Article 8

1. Originating products within the meaning of this Annex shall, on importation into a State Party to the Agreement, benefit from the Agreement upon submission of one of the following documents, provided that the notation "EFTA-SPAIN TRADE" has been printed in block letter outline diagonally across the document:

(a) an EUR. 1 movement certificate, hereinafter referred to as an EUR. 1 certificate, a specimen of which is given at Appendix 5 to this Annex, or

(b) a form EUR. 2, a specimen of which is given at Appendix 6 to this Annex, for consignments consisting only of originating products and provided the value does not exceed 1,500 units of account per consignment.

2. The following shall be admitted as originating products within the meaning of this Annex, without it being necessary to produce either of the documents referred to in paragraph 1:

(a) products sent as small packages to private persons, provided that the value of the products does not exceed 100 units of account;

(b) products forming part of travellers' personal luggage, provided that the value of the products does not exceed 300 units of account.

These provisions shall be applied only when such goods are not imported by way of trade and have been declared as meeting the conditions required for the application of the Agreement, and where there is no doubt as to the veracity of such declaration.

Importations which are occasional and consist solely of goods for the personal use of the recipients or travellers or their families shall not be considered as importations by way of trade if it is evident from the nature and quantity of the goods that no commercial purpose is in view.

3. The unit of account (UA) has a value of 0.88867088 grams of fine gold. Should the unit of account be changed, the States Parties to this Agreement shall make contact with each other at Joint Committee level to redefine the value in terms of gold.

4. Accessories, spare parts and tools dispatched with a piece of equipment, machine, apparatus or vehicle which are part of the normal equipment and included in the price thereof or are not separately invoiced are regarded as one with the piece of equipment, machine, apparatus or vehicle in question.

5. Sets, within the meaning of General Rule 3 of the Customs Co-operation Council Nomenclature, shall be regarded as originating when all component articles are originating products. Nevertheless, when a set is composed of originating and non-originating articles, the set as a whole shall be regarded as originating provided that the value of the non-originating articles does not exceed 15 per cent of the total value of the set.

Article 9

1. An EUR. 1 certificate shall be issued by the Customs authorities of the exporting State when the goods to which it relates are exported. It shall be made available to the exporter as soon as actual exportation has been effected or ensured.

2. The EUR. 1 certificate shall be issued by the Customs authorities of a State Party to this Agreement if the goods to be exported can be considered as products originating in that State within the meaning of Article 1 of this Annex.

3. The Customs authorities of the States Parties to this Agreement may issue EUR. 1 certificates if the goods to be exported can be considered as products originating in a State Party to this Agreement within the meaning of Article 2 of this Annex and provided that the goods covered by the EUR. 1 certificates are in its territory.

Where Article 2 of this Annex is applied, the EUR. 1 certificates shall be issued by the Customs authorities of each of the countries concerned where the goods have either been held before their re-exportation in the same state or undergone the working or processing referred to in Article 2 of this Annex, upon presentation of the EUR. 1 certificates issued previously.

4. EUR. 1 skírteini verður aðeins gefið út þegar unnt er að nota það sem skriflegt sönnunargagn til að fá friðindameðferð samkvæmt samningi þessum.

Útgáfudag EUR. 1 skírteinis ber að tilgreina í þeim reit EUR. 1 skírteinis sem ætlaður er til nota fyrir tollyfirvöld.

5. Í undantekningartilvikum verður EUR. 1 skírteini enn fremur gefið út eftir útflutning varanna sem það tekur til þegar ekki hefur orðið af útgáfu þess við útflutning vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða sérstakra aðstæðna.

Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa EUR. 1 skírteini út eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingum þeim sem fram koma í umsókn útflytjandans og viðkomandi skjali beri saman.

EUR. 1 skírteini sem gefin eru út eftir á verða að vera árituð með einni af eftirfarandi setningum: „NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT“, „DELIVRE A POSTERIORI“, „RILASCIATO A POSTERIORI“, „ISSUED RETROSPECTIVELY“, „ANNETTU JÄLKIKÄTEEN“, „ÚTGEFIÐ EFTIR Á“, „UTSTEDT SENERE“, „EMITIDO A POSTERIORI“, „UTFÅRDAT I EFTERHAND“, „EXPEDIDO A POSTERIORI“.

6. Hafi EUR. 1 skírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandi sótt um til tollyfirvalda þeirra er gáfu það út að fá samrit gert á grundvelli útflutningsskjalanna sem í þeirra vörslu eru. Samrit sem gefið er út á þennan hátt skal árita með einhverju eftirfarandi orða: „DUPLIKAT“, „DUPLICATA“, „DUPLICATO“, „DUPLICATE“, „KAKSOISKAPPALE“, „SAMRIT“, „SEGUNDA VIA“, „DUPLICADO“.

Samritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR. 1 skírteinið og gilda frá og með þeim degi.

7. Áritanir þær sem tilgreindar eru í 5. og 6. tl. skulu færðar í athugasemdareit EUR. 1 skírteinisins.

8. Ávallt má láta eitt eða fleiri EUR. 1 skírteini koma í stað eins eða fleiri EUR. 1 skírteina, að því tilskildu að þetta sé gert á þeirri tollstöð þar sem vörurnar eru til staðar.

9. Til að ganga úr skugga um hvort skilyrði 2. og 3. tl. hafi verið uppfyllt geta tollyfirvöld krafist hvers kyns skriflegra sönnunargagna eða gert hverjar þær kannanir sem þau telja viðeigandi.

#### 10. gr.

1. EUR. 1 skírteini verður einungis gefið út eftir skriflegri umsókn útflytjandans, eða umboðsmanns útflytjandans á ábyrgð hans, á eyðublaði sem fyrirmynd er af í viðbæti 5 við þennan viðauka og skal fylla það út í samræmi við ákvæði þessa viðauka.

2. Tollyfirvöld í útflutningslandinu skulu hafa eftirlit með því að eyðublað það sem um ræðir í 1. tl. sé rétt útfyllt. Sérstaklega skulu þau gæta þess að reitur sá sem gerður er fyrir vörulýsingu hafi verið útfylltur þannig að ekki sé möguleiki á sviksamlegum viðbótum. Í því skyni skal vörulýsing rituð þannig að engar auðar línur verði. Sé reiturinn ekki að öllu leyti útfylltur skal draga lárétta línu undir neðstu línu vörulýsingarinnar og strika yfir eyðuna fyrir neðan.

3. Þar eð EUR. 1 skírteinið er skriflegt sönnunargagn fyrir beitingu tollfriðinda og kvótareglna samningsins skulu tollyfirvöld í útflutningslandinu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna uppruna varanna og kanna aðrar yfirlýsingar í skírteininu.

4. Útflytjandinn eða fulltrúi hans skal leggja fram með umsókn sinni þau viðbótarskjöl sem nauðsynleg kunna að vera til að sanna að vörur þær sem flytja á út uppfylli skilyrði fyrir útgáfu EUR. 1 skírteinis.

5. Þegar EUR. 1 skírteini er gefið út í skilningi 5. tl. 9. gr. þessa viðauka, eftir að vörurnar sem það tekur til hafa þegar verið fluttar út, verður útflytjandinn í umsókn þeirri sem tilgreind er í 1. tl.:

- að tilgreina útflutningsstað og útflutningsdag varanna sem EUR. 1 skírteinið tekur til;
- að staðfesta að ekkert EUR. 1 skírteini hafi verið gefið út þegar vörurnar sem um er að ræða voru fluttar út og tilgreina ástæður fyrir því.

4. An EUR. 1 certificate may be issued only where it can serve as the documentary evidence required for the purpose of implementing the preferential treatment provided for in this Agreement.

The date of issue of the EUR. 1 certificate must be indicated in the box on the EUR. 1 certificate reserved for the Customs authorities.

5. In exceptional circumstances an EUR. 1 certificate may also be issued after exportation of the goods to which it relates if it was not issued at the time of exportation because of errors, involuntary omissions or special circumstances.

The Customs authorities may issue an EUR. 1 certificate retrospectively only after verifying that the particulars supplied in the exporter's application agree with those on the corresponding document.

EUR. 1 certificates issued retrospectively must be endorsed with one of the following phrases: "NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT", "DELIVRE A POSTERIORI", "RILASCIATO A POSTERIORI", "ISSUED RETROSPECTIVELY", "ANNETTU JÄLKIKÄTEEN", "ÚTGEFIÐ EFTIR Á", "UTSTEDT SENERE", "EMITIDO A POSTERIORI", "UTFÄRDAT I EFTERHAND", "EXPEDIDO A POSTERIORI".

6. In the event of the theft, loss or destruction of an EUR. 1 certificate, the exporter may apply to the Customs authorities which issued it for a duplicate to be made out on the basis of the export documents in their possession. The duplicate issued in this way must be endorsed with one of the following words: "DUPLIKAT", "DUPLICATA", "DUPLICATO", "DUPLICATE", "KAKSOIS-KAPPALE", "SAMRIT", "SEGUNDA VIA", "DUPLICADO".

The duplicate, which must bear the date of issue of the original EUR. 1 certificate, shall take effect as from that date.

7. The endorsements referred to in paragraphs 5 and 6 shall be inserted in the "Remarks" box on the EUR. 1 certificate.

8. It shall always be possible to replace one or more EUR. 1 certificates by one or more EUR. 1 certificates, provided that this is done at the Customs office where the goods are located.

9. For the purpose of verifying whether the conditions stated in paragraphs 2 and 3 have been met, the Customs authorities shall have the right to call for any documentary evidence or to carry out any check which they consider appropriate.

#### Article 10

1. An EUR. 1 certificate shall be issued only on application having been made in writing by the exporter or, under the exporter's responsibility, by his authorized representative, on the form of which a specimen is given at Appendix 5 to this Annex, which shall be completed in accordance with this Annex.

2. It shall be the responsibility of the Customs authorities of the exporting State to ensure that the form referred to in paragraph 1 is properly completed. In particular, they shall check whether the box reserved for the description of the goods has been completed in such a manner as to exclude any possibility of fraudulent additions. To this end, the description of the goods must be given without leaving any blank lines. Where the box is not completely filled a horizontal line must be drawn below the last line of the description, the empty space being crossed through.

3. Since the EUR. 1 certificate constitutes the documentary evidence for the application of the preferential tariff and quota arrangements laid down in the Agreement, it shall be the responsibility of the Customs authorities of the exporting State to take any steps necessary to verify the origin of the goods and to check the other statements on the certificate.

4. The exporter or his representative shall submit with his request any appropriate supporting document proving that the goods to be exported qualify for the issue of an EUR. 1 certificate.

5. When an EUR. 1 certificate is issued within the meaning of paragraph 5 of Article 9 of this Annex after the goods to which it relates have actually been exported, the exporter must in the application referred to in paragraph 1:

- indicate the place and date of exportation of the goods to which the EUR. 1 certificate relates;
- certify that no EUR. 1 certificate was issued at the time of exportation of the goods in question, and state the reasons.

6. Umsóknir um útgáfu EUR. 1 skírteina, og EUR. 1 skírteina sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. tl. 9. gr. þessa viðauka og framvísað er við útgáfu nýrra EUR. 1 skírteina, ber tollyfirvöldum í útflutningslandinu að varðveita í a. m. k. tvö ár.

#### 11. gr.

1. EUR. 1 skírteini ber að útbúa á eyðublað sem fyrirmynd er að í viðbæti 5 við þennan viðauka. Eyðublað þetta ber að prenta á einu eða fleiri opinberum tungumálum þeirra ríkja sem eru aðilar að samningi þessum eða á ensku. EUR. 1 skírteini skulu rituð á einu þessara tungumála og í samræmi við landslög í útflutningslandinu; ef þau eru handskrifuð skulu þau vera útfyllt með bleki og rituð með upphafsstöfum.

2. EUR. 1 skírteinið á að vera  $210 \times 297$  mm að stærð. Leyfileg frávik eru allt að plús 8 mm og mínus 5 mm. Pappír sá sem notaður er skal vera hvítur skrifpappír sem inniheldur ekki vélunninn trémassa og vegur minnst 25 g/m<sup>2</sup>. Hann skal vera búinn grænu prentuðu bakgrunnsmynstri sem gerir allar falsanir með vélrænum eða kemískum hætti augljósar. Á EUR. 1 skírteinið skal áletrunin „EFTA — SPAIN TRADE“ prentuð með útlínunum upphafsstafa á ská yfir eyðublaðið.

3. Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum geta áskilið sér rétt til að annast prentun EUR. 1 skírteinanna sjálf eða látið prenta þau í prentsmiðjum sem viðurkenndar eru af þeim. Í síðara tilvikinu skal geta slíkrar viðurkenningar á hverju EUR. 1 skírteini. Á hvert EUR. 1 skírteini skal vera skráð nafn og heimilisfang þess sem annast prentunina eða tákn sem gefur til kynna hver hann er. Það skal enn fremur bera raðnúmer, prentað eða óprentað, sem aðgreini það.

#### 12. gr.

1. EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollyfirvöldum í innflutningslandinu sem vörunum er framvísað hjá og samkvæmt gildandi reglum þar innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tollyfirvöld í útflutningslandinu gáfu skírteinið út. Tollyfirvöldunum er heimilt að krefjast þýðingar á skírteini. Þau geta auk þess krafist að aðfluningskýrslu fylgi yfirlýsing innflytjanda sem staðfesti að vörunar uppfylli skilyrði til að ákvæðum sammingsins verði beitt.

2. Þegar sundurtekin eða ósamsett vara sem fellur undir 84. eða 85. kafla tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins er flutt inn í fleiri en einni vörusendingu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þar til bær yfirvöld hafa sett, skal að beiðni þess aðila sem framvísar vörunum við tollyfirvöld líta á hana sem einstaka vöru sem framvísa má EUR. 1 skírteini fyrir í heild við innflutning fyrstu sendingarinnar, án þess að það hafi áhrif á 3. tl. 5. gr. þessa viðauka.

3. EUR. 1 skírteini sem afhent er tollyfirvöldum í innflutningslandinu eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. tl. má veita viðtöku til að beitt verði fríðindameðferð þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar ástæður („force majeure“) eða óvenjulegar aðstæður.

Í öðrum tilvikum þegar afhending á sér stað of seint geta tollyfirvöld veitt EUR. 1 skírteini viðtöku hafi vörunum verið framvísað fyrir lok frestsins.

4. Komi í ljós óverulegt ósamræmi milli þeirra atriða sem tilgreind eru í EUR. 1 skírteininu og þeim skjölum sem framvísað er við tollyfirvöld til að fullnægja formsatriðum við innflutning varanna skal slíkt ekki sjálfkrafa leiða til ógildis skírteinis, að því tilskildu að gengið verði úr skugga um að skírteinið sé í samræmi við vörunar.

5. EUR. 1 skírteini skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu varðveita samkvæmt gildandi reglum í því landi.

6. Eftirtalin gögn sem framvísað er við tollyfirvöld í innflutningslandinu skulu teljast sönnun þess að skilyrði 7. gr. þessa viðauka hafi verið uppfyllt:

a. Eitt flutningsfylgibréf sem gefið hefur verið út í útflutningslandinu og notað hefur verið til gegnumflutnings um land; eða

b. skírteini sem gefið er út af tollyfirvöldum þess lands þar sem gegnumflutningur fór fram og hefur að geyma:

6. Applications for EUR. 1 certificates and the EUR. 1 certificates referred to in the second sub-paragraph of paragraph 3 of Article 9 of this Annex, upon presentation of which new EUR. 1 certificates are issued, must be preserved for at least two years by the Customs authorities of the exporting State.

#### Article 11

1. EUR. 1 certificates shall be made out on the form of which a specimen is given at Appendix 5 to this Annex. This form shall be printed in one or more of the official languages of the States Parties to this Agreement or in English. EUR. 1 certificates shall be made out in one of those languages and in accordance with the provisions of the domestic law of the exporting State; if they are handwritten, they shall be completed in ink in capital letters.

2. The EUR. 1 certificate shall measure  $210 \times 297$  mm. A tolerance of up to plus 8 mm or minus 5 mm may be allowed. The paper used must be white-sized writing paper not containing mechanical pulp and weighing not less than 25 g/m<sup>2</sup>. It shall have a printed green guilloche pattern background making any falsification by mechanical or chemical means apparent to the eye. The EUR. 1 certificate shall bear the notation "EFTA-SPAIN TRADE" printed in block letter outline diagonally across the form.

3. The States Parties to this Agreement may reserve the right to print the EUR. 1 certificates themselves or may have them printed by printers approved by them. In the latter case, each EUR. 1 certificate must include a reference to such approval. Each EUR. 1 certificate must bear the name and address of the printer or a mark by which the printer can be identified. It shall also bear a serial number, whether or not printed, by which it can be identified.

#### Article 12

1. An EUR. 1 certificate must be submitted, within four months of the date of issue by the Customs authorities of the exporting State, to the Customs authorities of the importing State where the goods are entered, in accordance with the procedures laid down by the State. The said authorities may require a translation of a certificate. They may also require the import declaration to be accompanied by a statement from the importer to the effect that the goods meet the conditions required for the implementation of the Agreement.

2. Without prejudice to paragraph 3 of Article 5 of this Annex where, at the request of the person declaring the goods at Customs, a dismantled or non-assembled article falling within Chapter 84 or 85 of the Customs Co-operation Council Nomenclature is imported by instalments under the conditions laid down by the competent authorities, it shall be considered to be a single article and an EUR. 1 certificate may be submitted for the whole article upon importation of the first instalment.

3. An EUR. 1 certificate which is submitted to the Customs authorities of the importing State after the final date for presentation specified in paragraph 1 may be accepted for the purpose of applying preferential treatment, where the failure to submit the certificate by the final date set is due to force majeure or exceptional circumstances.

In other cases of belated presentation, the Customs authorities of the importing State may accept the EUR. 1 certificates where the goods have been submitted to them before the said final date.

4. The discovery of slight discrepancies between the statements made in the EUR. 1 certificate and those made in the documents submitted to the Customs office for the purpose of carrying out the formalities for importing the goods shall not ipso facto render the certificate null and void, provided it is duly established that the certificate corresponds to the goods.

5. EUR. 1 certificates shall be preserved by the Customs authorities of the importing State in accordance with the rules in force in that State.

6. Proof that the conditions set out in Article 7 of this Annex have been met shall be provided by submission to the Customs authorities of the importing State of either:

(a) a single supporting transport document, made out in the exporting State, under the cover of which the transit country has been crossed; or

(b) a certificate issued by the Customs authorities of the transit country containing:

- i) nákvæma vörulýsingu,
  - ii) affermingar- og endurfermingardagsetningu varanna og nöfn skipa þar sem það á við,
  - iii) staðfesta sönnun þess við hvaða skilyrði vörurnar hafa dvalið í því landi þar sem gegnumflutningur fór fram;
- c. eða einhver önnur staðfestingarskjöl ef ofangreind skjöl liggja ekki fyrir.

## 13. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 6. tl. 9. gr. og 1. og 6. tl. 10 gr. þessa viðauka er heimilt að gefa út EUR. 1 skírteini á einfaldari hátt í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

2. Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta heimilað að sérhver útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“, sem uppfyllir skilyrði 3. tl. og hefur í hyggju viðskipti sem gefa má út EUR. 1 skírteini fyrir, þurfi hvorki að framvísa vörum hjá tollyfirvöldum í útflutningslandinu þegar útflutningur fer fram, né heldur umsókn um EUR. 1 skírteini fyrir þessar vörur, til að fá EUR. 1 skírteini í samræmi við ákvæði 4. tl. 8. gr., 1. til 4. tl. 9. gr. og 2. tl. 12. gr. þessa viðauka.

Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta undanþegið vissa vöruflokka hinni sérstöku meðferð sem gert er ráð fyrir í 1. tl.

3. Heimild samkvæmt 2. tl. verður einungis veitt útflytjendum sem flytja oft út vörur og geta að mati tollyfirvalda látið í té allar nauðsynlegar tryggingar til sönnunar því að vörurnar uppfylli skilyrði um uppruna.

Tollyfirvöld skulu synja þeim útflytjendum um slíka heimild sem geta ekki að þeirra mati látið í té allar nauðsynlegar tryggingar.

Tollyfirvöld geta afturkallað heimildina hvenær sem er. Það skulu þau gera þegar viðurkenndur útflytjandi uppfyllir eigi lengur skilyrðin eða getur eigi lengur látið í té slíkar tryggingar.

4. Í heimildinni skal tiltekið samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda að reitur nr. 11 í EUR. 1 skírteininu, „Áritun tollyfirvalda“, skuli annaðhvort:

a. vera áritaður fyrirfram með stimpli viðkomandi tollstöðvar í útflutningslandinu og eiginhandarundirskrift starfsmanns þess embættis, handskrafaðri eða ekki; eða

b. vera áritaður af hinum viðurkennda útflytjanda með sérstöku stimpli sem viðurkenndur hefur verið af tollyfirvöldum í útflutningslandinu og samsvarar fyrirmynd þeirri sem sýnd er í viðbæti 7 við þennan viðauka; stimpill þessi má vera prentaður fyrirfram á eyðublöðin.

Reit nr. 11 á EUR. 1 skírteininu, „Áritun tollyfirvalda“, skal hinn viðurkenndi útflytjandi útfylla ef nauðsyn krefur.

5. Í tilvikum þeim sem tilgreind eru í 4. tl. a. skal í reit nr. 7, „Athugasemdir“, á EUR. 1 skírteininu rita eina af eftirfarandi setningum: „Simplified procedure“, „Vereinfachtes Verfahren“, „Procédure simplifiée“, „Procedura simplificata“, „Yksinkertaistettu menettely“, „Einföldun afgreiðslu“, „Forenklet prosedyre“, „Procedimento simplificado“, „Förenklad procedur“.

Viðurkenndur útflytjandi skal ef nauðsyn krefur tilgreina í reit nr. 13, „Beiðni um sannprófun“, á EUR. 1 skírteininu nafn og aðsetur þess tollyfirvalds sem bært er til að sannprófa EUR. 1 skírteinið.

6. Í heimildinni skulu tollyfirvöld tilgreina sérstaklega:

a. skilyrði sem sett eru fyrir umsóknum um EUR. 1 skírteini,

b. skilyrði sem sett eru fyrir þessum umsóknum, og þeim EUR. 1 skírteinum sem útgáfa annarra EUR. 1 skírteina er grundvölluð á samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. tl. 9. gr., um að þau skulu geymd í a. m. k. tvö ár,

c. hvaða tollyfirvöld eru bær um að framkvæma sannprófun eftir á í samræmi við 17. gr. hér að neðan, þegar um er að ræða tilvik þar sem 4. tl. b. á við.

Þegar um einföldun afgreiðslu er að ræða geta tollyfirvöld kveðið á um notkun EUR. 1 skírteina með auðkennum er greini þau frá öðrum.

7. Skylda má viðurkenndan útflytjanda til að tilkynna tollyfirvöldum, eftir reglum sem þau setja,

- (i) an exact description of the goods,
  - (ii) the date of unloading and reloading of the goods and, where applicable, the names of the ships,
  - (iii) certified proof of the conditions under which the goods have stayed in the transit country;
- (c) or, failing these, any substantiating documents.

#### Article 13

1. By derogation from paragraphs 1 to 6 of Article 9 and from paragraphs 1 and 6 of Article 10 of this Annex, a simplified procedure for the issue of EUR. 1 certificates is applicable in accordance with the following provisions.

2. The Customs authorities in the exporting State may authorize any exporter, hereinafter referred to as “approved exporter”, who satisfies the conditions set out in paragraph 3 and who intends to carry out transactions for which EUR. 1 certificates may be issued, not to submit to the Customs office in the exporting State at the time of export either the goods or the application for an EUR. 1 certificate relating to those goods for the purpose of obtaining an EUR. 1 certificate under the conditions laid down in paragraph 4 of Article 8, paragraphs 1 to 4 of Article 9 and paragraph 2 of Article 12 of this Annex.

The Customs authorities in the exporting State may declare certain categories of goods ineligible for the special treatment provided for in paragraph 1.

3. The authorization referred to in paragraph 2 shall be granted only to exporters making frequent shipments and who offer, to the satisfaction of the Customs authorities, all guarantees necessary to verify the originating status of the products.

The Customs authorities shall refuse such authorization to exporters who do not offer all the guarantees which they consider necessary.

The Customs authorities may withdraw the authorization at any time. They must do so where the approved exporter no longer satisfies the conditions or no longer offers these guarantees.

4. The authorization shall stipulate, at the choice of the Customs authorities, that box No. 11, “Customs Endorsement”, of the EUR. 1 certificate must:

(a) either be endorsed beforehand with the stamp of the competent Customs office of the exporting State and the handwritten or non-handwritten signature of an official of that office, or

(b) be endorsed by the approved exporter with a special stamp which has been approved by the Customs authorities of the exporting State and corresponds to the specimen given at Appendix 7 to this Annex; this stamp may be preprinted on the forms.

Box No. 11, “Customs Endorsement”, of the EUR. 1 certificate shall be completed if necessary by the approved exporter.

5. In the cases referred to in paragraph 4 (a), one of the following phrases shall be entered in box No. 7, “Remarks”, of the EUR. 1 certificate: “Simplified procedure”, “Vereinfachtes Verfahren”, “Procédure simplifiée”, “Procedura simplificata”, “Yksinkertaistettu menettely”, “Einföldun afgreiðslu”, “Forenklet prosedyre”, “Procedimento simplificado”, “Förenklad procedur”.

The approved exporter shall if necessary indicate in box No. 13, “Request for Verification”, of the EUR. 1 certificate the name and address of the Customs authority competent to verify the EUR. 1 certificate.

6. In the authorization the Customs authorities shall specify in particular:

(a) the conditions under which the applications for EUR. 1 certificates are made,

(b) the conditions under which these applications and the EUR. 1 certificates used as the basis for the issue of other EUR. 1 certificates under the conditions laid down in the second subparagraph of paragraph 3 of Article 9 of this Annex are kept for at least two years,

(c) in the cases referred to in paragraph 4 (b), the Customs authorities competent to carry out the subsequent verification referred to in Article 17 below.

Where the simplified procedure applies, the Customs authorities of the exporting State may prescribe the use of EUR. 1 certificates bearing a distinctive sign by which they may be identified.

7. The approved exporter may be required to inform the Customs authorities, in accordance with



um vörur sem hann ætlar að senda svo að þar til bær tollstöð geti látið framkvæma þá sannprófun sem hún telur nauðsynlega áður en vörurnar eru fluttar út.

Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta gert hverja þá könnun hjá viðurkenndum útflytjanda sem þau telja nauðsynlega. Hinn viðurkenndi útflytjandi verður að leyfa slíkt.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á beitingu reglna er þau ríki sem eru aðilar að samningi þessum hafa sett um formsatriði við tollafgreiðslu og notkun aðflutningskjala.

#### 14. gr.

1. EUR. 2 eyðublað skal útflytjandi eða umboðsmaður á hans ábyrgð útfylla og undirrita. Það skal gert á eyðublaði sem fyrimynd er af í viðbæti 6. Eyðublað þetta skal prentað á einu eða fleiri opinberum tungumálum þeirra ríkja sem eru aðilar að samningi þessum eða á ensku. Það skal ritað á einu þessara tungumála og í samræmi við landslög í útflutningslandinu. Ef það er handskrifað skal það útfyllt með bleki og með upphafsstöfum.

2. Eitt EUR. 2 eyðublað skal útfylla fyrir hverja sendingu.

3. EUR. 2 eyðublað skal vera 210 × 148 mm að stærð. Leyfileg frávik eru allt að plús 8mm og mínus 5mm um lengd. Pappír sá sem notaður er skal vera hvítur skrifpappír sem inniheldur ekki vélunninn trémassa og vegur minnst 64 g/m<sup>2</sup>. á EUR. 2 eyðublaðið skal áletrunin „EFTA-SPAIN TRADE“ prentuð með útlínun upphafsstafa á ská yfir eyðublaðið.

4. Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum geta áskilið sér rétt til að annast prentun EUR. 2 eyðublaða sjálf eða látið prenta þau í prentsmiðjum sem viðurkenndar eru af þeim. Í síðara tilvikinu skal getið slíkrar viðurkenningar á hverju eyðublaði. Auk þess skal á eyðublaðinu vera skráð nafn og heimilisfang þess sem annast prentunina eða tákni sem gefur til kynna hver hann er. Það skal enn fremur bera raðnúmer, prentað eða óprentað, sem aðgreini það.

5. Hafi þegar farið fram í útflutningslandinu sannprófun á því hvort vörur í sendingu falli undir skilgreiningu hugtaksins upprunavörur getur útflytjandinn látið slíkrar könnunar getið í athugasemda-reitnum á EUR. 2 eyðublaðinu.

6. Útflytjanda sem fyllt hefur út EUR. 2 eyðublað er skylt að framvísa sönnunargögnum er varða notkun eyðublaðsins sé þess óskað af tollyfirvöldum í útflutningslandinu.

#### 15. gr.

1. Vörur sem sendar eru frá EFTA-landi eða frá Spáni á vörusýningu í öðru landi en því sem er aðili að samningi þessum og seldar eru eftir sýninguna til Spánar eða EFTA-lands skulu njóta tollmeðferðar samkvæmt samningi þessum, að því tilskildu að vörurnar uppfylli skilyrði þessa viðauka til að viðurkennt verði að þær séu upprunnar í EFTA-landi eða á Spáni auk þess sem fullnægjandi sönnur séu færðar fyrir því að mati tollyfirvalda:

a. að útflytjandi hafi sent þessar vörur frá EFTA-landi eða Spáni til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar;

b. að útflytjandinn hafi selt vörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti í hendur viðtakanda á Spáni eða í EFTA-landi;

c. að vörurnar hafi verið sendar meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana til Spánar eða EFTA-lands í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar á sýninguna;

d. að vörurnar hafi ekki, frá þeirri stundu er þær voru sendar á sýninguna, verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.

2. Framvísa ber EUR. 1 skírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Þar ber að geta nafns sýningarinnar og hvar hún er haldin. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra sönnunargagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.

3. Ákvæði 1. tl. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstetna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar með einkahagsmuni í huga í sölubúðum eða verslunarhúsum þar sem markmiðið er að selja erlendar vörur, enda séu vörurnar undir eftirliti tollyfirvalda meðan á sýningu stendur.

the rules which they lay down, of goods to be dispatched by him, so that the competent Customs office may make any verification it thinks necessary before the dispatch of the goods.

The Customs authorities in the exporting State may carry out any check on the approved exporter which they consider necessary. The approved exporter must allow this to be done.

8. The provisions of this Article shall not prejudice application of the rules of the States Parties to this Agreement on Customs formalities and the use of Customs documents.

#### Article 14

1. Form EUR. 2 shall be completed and signed by the exporter or, under his responsibility, by his authorized representative. It shall be made out on the form of which a specimen is given at Appendix 6. This form shall be printed in one or more of the official languages of the States Parties to this Agreement or in English. It shall be made out in one of those languages and in accordance with the provisions of the domestic law of the exporting State. If it is handwritten it must be completed in ink and in capital letters.

2. One form EUR. 2 shall be completed for each consignment.

3. Form EUR. 2 shall measure  $210 \times 148$  mm. A tolerance of up to plus 8 mm or minus 5 mm in the length may be allowed. The paper used shall be white-sized writing paper not containing mechanical pulp and weighing not less than 64 g/m<sup>2</sup>. The form EUR. 2 shall bear the notation "EFTA-SPAIN TRADE" printed in block letter outline diagonally across the form.

4. The States Parties to this Agreement may reserve the right to print form EUR. 2 themselves or may have it printed by printers approved by them. In the latter case each form must bear a reference to such approval. In addition, the form must bear the name and address of the printer or a mark by which the printer can be identified. It shall also bear a serial number, whether or not printed, by which it can be identified.

5. If the goods contained in the consignment have already been subject to verification in the exporting State by reference to the definition of the concept of originating products, the exporter may refer to this check in the "Remarks" box on form EUR. 2.

6. An exporter who has completed a form EUR. 2 shall be obliged to submit, at the request of the Customs authorities of the exporting State, supporting evidence concerning the use of this form.

#### Article 15

1. Goods sent from an EFTA country or from Spain for exhibition in a country other than a State Party to this Agreement and sold after the exhibition for importation into Spain or into an EFTA country shall be accepted as eligible for tariff treatment provided for in this Agreement on condition that the goods meet the requirements of this Annex entitling them to be recognized as originating in an EFTA country or in Spain, and provided that it is shown to the satisfaction of the Customs authorities that:

(a) an exporter has consigned goods from an EFTA country or from Spain to the country in which the exhibition is held and has exhibited them there;

(b) the goods have been sold or otherwise disposed of by that exporter to someone in Spain or in an EFTA country;

(c) the goods have been consigned during the exhibition or immediately thereafter to Spain or to an EFTA country in the state in which they were sent for exhibition;

(d) the goods have not, since they were consigned for exhibition, been used for any purpose other than demonstration at the exhibition.

2. An EUR. 1 certificate must be produced to the Customs authorities in the normal manner. The name and address of the exhibition must be indicated thereon. Where necessary, additional documentary evidence of the nature of the goods and the conditions under which they have been exhibited may be required.

3. Paragraph 1 shall apply to any trade, industrial, agricultural or crafts exhibition, fair or similar public show or display which is not organized for private purposes in shops or business premises with a view to the sale of foreign goods, and during which the goods remain under Customs control.

## 16. gr.

1. Til að tryggja að ákvæðum þessa hluta samningsins verði réttilega beitt skulu ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð með tilstuðlan tollyfirvalda sinna til að fylgjast með því að EUR. 1 skírteini séu ófölsuð og efnislega rétt, þar með talin þau skírteini sem gefin eru út samkvæmt 3. tl. 9. gr. þessa viðauka, svo og yfirlýsingar útflytjanda sem gefnar eru á EUR. 2 eyðublaðum.

2. Sameiginlega nefndin hefur heimild til að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir til að samvinna stjórnvalda verði hafin í tæka tíð í ríkjum þeim sem eru aðilar að samningi þessum.

3. Tollyfirvöld ríkja þeirra sem eru aðilar að samningi þessum skulu fyrir milligöngu skrifstofu EFTA láta hver öðrum í té sýnishorn af þrykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR. 1 skírteina.

4. Hver sá sem gefur út eða lætur gefa út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir vörur skal sæta viðurlögum. Þessi grein tekur að breyttu breytanda til þeirra tilvika þegar beitt er reglum 13. gr. þessa viðauka.

5. Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé skipt á vörum sem verslað er með samkvæmt EUR. 1 skírteini og öðrum vörum, meðan þær í flutningi eru á tollfrjálsu svæði á landsvæði þeirra, og þær fái ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg er til að hindra að þær spillist.

6. Þegar vörur, upprunnar í ríki sem er aðili að samningi þessum, hafa verið innfluttar á tollfrjálst svæði með EUR. 1 skírteini og hljóta aðvinnslu skulu viðkomandi tollyfirvöld gefa út nýtt EUR. 1 skírteini, sé þess óskað af útflytjandanum, ef aðvinnslan er í samræmi við ákvæði þessa viðauka.

## 17. gr.

1. Sannprófun EUR. 1 skírteina og EUR. 2 eyðublaða skal framkvæmd eftir á með óreglubundnu úrtaki eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa að skjalið sé ófalsað eða efnislega rétt að því er varðar uppruna þeirra vara sem um er að ræða.

2. Við framkvæmd 1. tl. skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu endursenda EUR. 1 skírteinið eða EUR. 2 eyðublaðið eða ljósrit þeirra til tollyfirvalda í útflutningslandinu og tilgreina þar sem það á við ástæður, efnislegar eða að formi til, fyrir því að fyrirspurnin er gerð. Hafi vörureikningi verið framvísað skal hann eða afrit af honum fest við EUR. 1 skírteinið eða EUR. 2 eyðublaðið og tollyfirvöldin skulu láta í té allar upplýsingar sem aflað hefur verið og gefa til kynna að atriði í skírteininu eða á eyðublaðinu séu ekki rétt.

Hafi tollyfirvöld í innflutningslandinu ákveðið að fresta því að beita ákvæðum samnings þessa meðan beðið er niðurstöðu sannprófunar skulu þau heimila afhendingu varanna til innflytjandans gegn hverjum þeim tryggingarráðstöfunum sem þau telja nauðsynlegar.

